

# BLÆÐING Á 2. OG 3. ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

## ICD 10 greining:

**O46.9 Blæðing á seinni hluta meðgöngu (>22v)**

Blæðing á seinni hluta meðgöngu er mun sjaldgæfari en fyrstu 12 vikurnar. Hana þarf alltaf að taka alvarlega og krefst mats læknis í flestum tilvikum.

Helstu orsakir eru:

- Byrjandi fæðing
- Fósturlát (þ.e. fyrir 22 vikur er talað um fósturlát)
- Blæðing frá leghálsi eða leggöngum t.d. vegna sepa, sýkingar, bólgu eða frá kirtilslímhúð legháls (ectropion)
- Leghálabilun
- Fyrirsæt fylgja
- Fylgjulos
- Fyrirsætar æðar (vasa previa)

Mikilvægt er að gera sér fljótt grein fyrir hve mikið blæðir og hvort verkir fylgja. Við blæðingu ætti ekki að þreifa upp á legháls fyrr en fylgjustaðsetning hefur verið könnuð og fyrirsæt fylgja útilokuð. Fylgjustaðsetning er skoðuð í 20 vikna sónar.

Ráðlagt er að hafa samband við kvennadeild/fæðingadeild sem tekur ákvörðun um frekari skoðun.

Blæðing á seinni hluta meðgöngu er tengd aukinni hættu á fyrirburafæðingu. Meðferðin fer eftir orsökum blæðingarinnar og getur þarfnast innlagnar á sjúkrahús.

Ef blóðflokkur er ekki þekktur þarf að kanna hann og gefa anti-D ef konan er Rh neg og hefur ekki fengið Rophylac.